

Grænfánaskýrsla 2024-25

Umhverfisnefnd Ártúnsskóla hélt sjö fundi á skólaárinu.

Eftir að nemendur höfðu kynnt sig hver fyrir öðrum og spjallað til að kynnast var fyrsta verkefnið að velja nýtt þema. Starfshópur kennara hafði valið fjóra möguleika sem nemendur fræddust um og greiddu síðan um þá atkvæði. VATN fékk flest atkvæði en „orka“ og „hnattrænt jafnrétti“ voru jöfn í öðru sæti. Niðurstöður voru sendar skólastjórnendum sem tóku lokaákvörðun um að VATN yrði þema tímabilsins.

Fulltrúar í umhverfisnefnd, og nemendur nokkurra bekkja, lögðu til hugmyndir og óskir um fræðslu og verkefni í sambandi við þemað vatn. Í janúar fengu nemendur á miðstigi að gera ýmsar tilraunir með vatn, en það hafði verið á óskalista nemenda. Flestir bekkir heimsóttu vatnsleikjasvæðið við Rafstöðina og gerðu þar tilraunir með að stífla vatn og skoðuðu hvaða hlutir fljóta og hverjir sökkva. Margir skemmtu sér þar við að vaða berfættir í vatninu og komu jafnvel rennblautir til baka.

Nemendur í umhverfisnefnd fylltu út gátlista Landverndar og skoðuðu síðan niðurstöðurnar um stöðu skólans varðandi notkun á vatni og fræðslu um það. Í framhaldinu var rætt um hvar helst væru tækifæri til að gera betur og nokkrar tillögur valdar fyrir næsta skólaár:

- Að rannsaka ólíkt aðgengi barna um heim allan að vatni.
- Að læra um það hvaðan vatnið kemur í skólann og hvert það fer.
- Að vinna með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við vatn.
- Að gera tilraunir með vatn. T.d. skoða ólík form s.s. bræða snjó, klaka, frysta vatn, sjóða vatn o.fl.
- Að upplýsa og fræða aðra um vatn.
- Að skoða vatn í nágrenni við skólann, t.d. læk, á, vatn, votlendi eða sjó.

Ræktun

Ræktunarvagnar voru settir upp á matsal, gúrkur, salat, steinselja, baunir, basilika, karsi og tómatar voru borðuð með bestu lyst. Eftir „sumarið sem aldrei kom“ (2024) var takmörkuð uppskera í útiræktuninni, mikil vonbrigði þar. Nemendur í 3.LH settu niður nokkrar kartöflur og sáðu ýmsum fræjum að vori 2025.

Jólatré

2.AB setti niður fimm furutré í jólatrjáalundi skólans í Elliðaárdalnum. 1.HP sótti jólatré fyrir skólann.

Fræðsla

Allir árgangar eiga að læra um a.m.k. einn fugl, eitt tré og eitt blóm/gras á ári. Í 5.HA var fræðsla um birkitré fléttuð inn í umhirðu trjáanna á skólalóðinni og 1.HP fór út að leita að grenitrjám.